

**Sp.**

## **568. Þingsályktun**

um línurit yfir vegi.

(Afgreidd frá Sp. 3. des.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera línurit, er sýni vegi landsins í km í hverri sýslu, sem hér segir:

1. **Þjóðvegi:**
  - a. akfæra, uppbyggða vegi;
  - b. akfæra ruðningsvegi;
  - c. samþykkta, en ógerða vegi.
2. **Sýsluvegi:**
  - a. akfæra, uppbyggða vegi;
  - b. akfæra ruðningsvegi;
  - c. samþykkta, en ógerða vegi.
3. **Fjallvegi:**
  - a. akfæra, uppbyggða vegi;
  - b. akfæra ruðningsvegi;
  - c. óakfæra ruðningsvegi.
4. **Hreppavegi:**
  - a. akfæra, uppbyggða vegi;
  - b. akfæra ruðningsvegi;
  - c. óakfæra ruðningsvegi.

Með línuritinu skulu fylgja upplýsingar um, að hve mörgum bæjum í hverri sýslu sé unnt að flytja vörur eftir vegum í a- og b-flokkum hér að ofan og að hve mörgum bæjar í hverri sýslu sé aðeins unnt að flytja vörur eftir vegum í c-flokkum hér að ofan.

Upplýsingarnar skal miða við 1. jan. 1944. Þó skal taka tillit til þess, ef einstakir vegir eiga óeyddar fjárveitingar, sem ekki hefur verið unnið fyrir.

Kostnaður við framkvæmd tillögunnar greiðist úr ríkissjóði og telst með skrifstofukostnaði vegamála- og vegskrifstofunnar.

Skal verkinu lokið og niðurstöður sendar Alþingi fyrir 15. febr. 1944.